

Mánudaginn 29. júní 1988.  
 Nr. 188/1988. **Alma E. Hansen**  
 gegn  
**Haraldi V. Haraldssyni**  
**Ólafi Sigurgeirssyni og**  
**yfirborgarfégetanum í Reykjavík**

Kærumál. Löghaldsgerð felld úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. maí 1988, sem barst Hæstarétti 24. s.m., kært löghald, sem gert var í fégetarétti Reykjavíkur af Júlíusi Guðmundssyni, fulltrúa yfirborgarfégeta, hinn 5. maí sl. Sóknaraðila var tilkynnt um löghaldið með símskeyti 10. maí, sem barst henni í hendur 17. s.m. Kærumálgögn bárust Hæstarétti 23. júní sl.

Kröfur sóknaraðila, sem hér skipta máli, eru þær, að löghaldsgerð frá 5. maí sl. verði dæmd ógild og yfirborgarfégeti verði vittur fyrir embættisafglöp og dæmdur til greiðslu miskabóta og að Ólafur Sigurgeirsson héraðsdómslögmaður verði dæmdur til greiðslu miskabóta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Kröfugerð sóknaraðila á hendur Gylfa S. Guðmundssyni kemur ekki til álita, þar sem hann er ekki aðili máls þessa.

Varnaraðilar, Haraldur V. Haraldsson og Ólafur Sigurgeirsson, krefjast þess aðallega, að kæru þessari verði vísað frá Hæstarétti en til vara, að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið. Í báðum tilvikum krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Hvorki hafa borist kröfur né greinargerð frá yfirborgarfégeta.

Frávísunarkrafa varnaraðila, sem reist er á 7. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 og 3. tl. b og c 21. gr. laga nr. 75/1973, kemur ekki til álita þar sem kæra málsins er heimil samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í löghaldsbeiðni varnaraðila 5. maí 1988 var þess farið á leit, að kyrrsettar yrðu eignir sóknaraðila „með lögheimili að Garðaflöt 7, Garðakaupstað, en talin búa að Freyjugötu 27, hér í borg.“ Var

krafist löghalds á kröfu sóknaraðila á hendur Gylfa S. Guðmundssyni og þess krafist, „að gerðin fari fram í viðurvist hans á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949, þar sem óvíst er um heimilisvarnarþing gerðarþola.“ Sama dag setti fulltrúi yfirborgarfógeta, Júlíus Guðmundsson, fógetarétt Reykjavíkur að Skógarhlíð 6 og var bókað: „Gerðarþoli hefur lögheimili að Garðaflöt 7, Garðabæ, en hefur aðsetur í Garði, er ekki viðstaddur.“ Gerði fógeti löghald „á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 í fjárkröfu gerðarþola á hendur Gylfa S. Guðmundssyni, skv. Hæstaréttardómi nr. 312/1986. Gylfi er mættur í réttinum og leggur fram tékka að fjárhæð kr. 305.008,00 með fyrirvara um endurútreikning kröfunnar. Fógeti tók tékkann í sínar vörslur.“

Sóknaraðili byggir kröfur sínar meðal annars á því, að framangreind löghaldsgerð hafi verið framkvæmd á röngu varnarþingi, sóknaraðila hafi að ástæðulausu ekki verið tilkynnt um fyrirhugaða löghaldsgerð og ekki leitað álits hennar á kröfunni, og að fógetafulltrúinn hafi vanrækt að taka tryggingu af varnaraðila eða lögmanni hans.

Varnaraðilar halda því fram, að rétt hafi verið að framkvæma hina kærðu löghaldsgerð í fógetarétti Reykjavíkur þar sem óvíst hafi verið um heimilisvarnarþing sóknaraðila og verðmæti það, sem kyrrsetja átti, var í Reykjavík. Þá telja þeir, að ekki hafi þurft að setja tryggingu, þar sem skuldabréf var til grundvallar kröfunni og vísa um það til 4. tl. 12. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 3. tl. 207. gr. og 3. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936.

Skýra verður hina kærðu dómsathöfn svo, að í þinghaldinu 5. maí sl. hafi fyrst farið fram löghald í kröfu samkvæmt Hæstaréttardóminum nr. 312/1986 og að því búnu farið fram greiðsla á kröfunni. Ekki hefur verið sýnt fram á, að nauðsyn hafi borið til að víkja frá því ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 að hefja gerðina á heimili eða dvalarstað gerðarþola, en krafan er samkvæmt dómi eins og áður sagði. Gerðarþoli var eigi sjálf viðstödd og enginn skipaður til að gæta hagsmuna hennar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 18/1949, og áritun áskorunarstefnu mælti aðeins fyrir um greiðsluskyldu á hendur varnaraðila Haraldi V. Haraldssyni. Dómara var því ekki rétt að láta gerðarbeiðanda ekki leggja fram tryggingu, sbr. 12. gr. laga nr. 18/1949, þar sem sóknaraðili hafði ekki

tækifæri til að koma að neinum þeim vörnum, sem hugsanlega kæmust að, sbr. niðurlags-ákvæði 209. gr. laga nr. 85/1936. Bar honum að gæta framangreindra atriða ex officio. Samkvæmt öllu þessu ber að fella hina kærðu löghaldsgerð úr gildi.

Kröfur sóknaraðila um vitur á hendur yfirborgarfógeta og miska-bætur úr hans hendi og Ólafs Sigurgeirssonar eiga ekki við rök að styðjast og verða þær ekki teknar til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að varnaraðili, Har-aldur V. Haraldsson, greiði sóknaraðila 12.000,00 krónur í kærú-málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

### D ó m s o r ð:

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Kröfum sóknaraðila, Ölmur E. Hansen, á hendur varnaraðil-um, yfirborgarfógetanum í Reykjavík og Ólafi Sigurgeirssyni héraðsdómslögmanni, er hafnað.

Varnaraðili, Haraldur V. Haraldsson, greiði sóknaraðila 12.000,00 krónur í kærú málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

### Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 5. maí 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 5. maí er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Júlíusi Guðmunds-syni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið C-36/1988 Haraldur Haraldsson gegn Ölmur E. Hansen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 bréf Búnaðarbanka Ísl., nr. 3 ljósrít af skuldabréfi, nr. 4 ljósr. af áskorunarstefnu, nr. 5 ljósr. af fjár-námsbeiðni svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Sigurgeirsson hdl. og krefst löghalds fyrir kr. 250.000,00 með 2,25% mánaðarv. af kr. 10.000,00 frá 19.01. 1987 til 01.03. 1987 f. þ. d. til 01.06. 1987, 2,8% drv. f. þ. d. til 01.07. 1987, 3% drv. f. þ. d. til 01.08. 1987, 3,4% drv. f. þ. d. til 01.09. 1987, 3,5% f. þ. d. til 01.10. 1987, 3,6% drv. f. þ. d. til 01.11. 1987, 3,8% drv. f. þ. d. til 01.12. 1987, 4,1% drv. f. þ. d. til 01.01. 1988, 4,3% drv. f. þ. d. til 01.02. 1988, 4,3% drv. f. þ. d. til 01.03. 1988, 3,8% drv. f. þ. d. til 23.03. 1988, 3,8% drv. af kr. 240.000,00 til 01.05. 1988, 3,7% frá þeim



degi til greiðsludags auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur lögheimili að Garðarflöt 7 Garðabæ, en hefur aðsetur í Garði, er ekki viðstaddur.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti löghald á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 í fjárkröfu gerðarþola á hendur Gylfa S. Guðmundssyni skv. Hæstaréttardómi nr. 312/1986. Gylfi er mættur í réttinum og leggur fram tékka að fjárhæð kr. 305.008,00 með fyrirvara um endurútreikning kröfunnar. Fógeti tók tékkann í sína vörslu. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og kveðst skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Mánudaginn 4. júlí 1988.

Nr. 193/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**þæjarfógetanum á Akureyri og  
Valgarði Óla Jónassyni**

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 18. apríl sl., en þann dag fékk hann vitneskju um dóminn, sem upp var kveðinn 24. febrúar sl. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu 31. júlí 1985 á hendur varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni.